

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 31. ágúst 2006 í máli nr. S-623/2006:

Ákærvaldið

*(Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari)*

gegn

Friðriki Ragnari Eggertssyni

Ár 2006, fimfundaginn 31. ágúst, er í Héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp í máli nr.

S-623/2006

Ákærvaldið

gegn

Friðriki Ragnari Eggertssyni

svohljóðandi

d ó m u r:

Mál þetta var höfðað með ákæru ríkissaksóknara á hendur Friðriki Ragnari Eggertssyni, kt. 000000-0000, Daggarvöllum 4b, Hafnarfirði, dagsettri 2. maí 2006 „fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 18. september 2005, fyrir utan veitingastaðinn Players, Bæjarlind 4, Kópavogi, er lögreglumenn voru að færa ákærða inn í lögreglubifreið, sparkað í andlit lögreglumannsins Gunnars Halldórs Sigurjónssonar með þeim afleiðingum að brot kom í tvær tennur vinstra megin og fylling brotnaði í annarri tönninni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.”

Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 25. ágúst sl.

Ákærði hefur neitað sök. Hann óskaði eftir því að halda uppi vörnum en vildi ekki aðstoð verjanda. Naut hann leiðbeiningar dómara. Krafðist ákærði aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins en til vara krafðist hann þess að honum yrði gerð vægasta refsing sem lög leyfa.

Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 25. ágúst sl.

#### *Málavextir:*

Í frumskýrslu lögreglu dagsettri 18. september 2005 kemur fram að þá um nóttina kl. 03:49 hafi tveir lögreglumenn verið sendir að veitingastaðnum Players þar sem tveir dyraverðir væru með mann í tökum. Á vettvangi hefðu lögreglumennirnir séð hvar tveir dyraverðir héldu manni niðri úti á bifreiðastæði. Maðurinn hefði verið nokkuð æstur og haft í hótunum. Hefði mátt sjá að hann var blóðugur í framan, með blóðnasir og lítinn skurð yfir vinstri augabrún. Gleraugu mannsins, sem lágu í götunni, hefðu verið sett í vasa hans.

Við komu á vettvang hefðu lögreglumennirnir tekið við ákærða, rætt við hann og reist hann á fætur. Við þetta hefði ákærði róast aðeins en þegar lögreglumennirnir spurðu hvar hann ætti heima hefði ákærði svarað á þann veg að þeim kæmi það ekkert við. Annar lögreglumannanna hefði þá sagt að það væri rétt en ætlunin væri að aka honum heim til sín. Ákærði hefði engu svarað og hefðu lögreglumennirnir þá gengið með hann að lögreglubifreiðinni. Þegar ákærði sá lögreglubifreiðina, hefði hann sagst ekki fara inn í svona Hyundai druslu”. Þegar ákærða hefði verið bent á að fara inn í lögreglubifreiðina því honum yrði ekið heim, neitaði hann því á nýjan leik. Lögregla hefði þá gert honum grein fyrir því að annað hvort færi hann inn í bifreiðina með góðu eða illu.

Enn hefði ákærði neitað að fara inn í lögreglubifreiðina en æst sig upp og því hefði hann verið færður í handjárn. Síðan hefði ákærði verið færður inn í bifreiðina gegn vilja sínum og hefði hann hafnað á maganum þar inni. Gunnari Halldóri lögreglumanni hefði ekki tekist að koma ákærða öllum inn í lögreglubifreiðina og

Því hefðu fætur ákærða staðið út úr henni. Ákærði hefði sparkað með fótunum og Gunnar Halldór því þurft að setja hann í fótalás til að stöðva spörkin og koma ákærða inn í bifreiðina. Hefði Gunnar Halldór jafnframt gert ákærða grein fyrir því að hann mætti ekki sparka í lögreglumenn en ákærði svarað því til að hann gerði það víst. Á sama tíma hefði Gunnar Halldór misst takið á öðrum fæti ákærða og ákærði þá notað tækifærið og sparkað í andlit Gunnars Halldórs. Við sparkið hefði brotnað tannfylling í Gunnari Halldóri auk þess sem einnig hefði brotnað út úr tönn vinstra megin í neðri kjálka hans.

Ákærði var fluttur í fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu.

Í málinu liggur frammi læknisvottorð vegna slyss sem gefið er út 18. september 2005 af Sveinbirni Jakobssyni tannlækni. Þar kemur fram að Gunnar Halldór Sigurjónsson lögreglumaður hafi komið á bráðamóttöku Landspítala þennan dag og er haft eftir honum að hann hafi fengið spark í neðri kjálka vinstra megin með þeim afleiðingum að brotnað hefði upp úr tönn auk þess sem brotnað hefði upp úr silfurfyllingu. Hefði þetta gerst þegar lögreglumaðurinn og starfsfélagi hans handtóku mann og færðu inn í lögreglubifreið við veitingahúsið Players í Kópavogi. Síðan segir í reit fyrir niðurstöðu skoðunar og rannsókna: Tönn 36 brotin fylling og lingual veggur. Þarf krónu. 17 brotinn mb. kúspur.”

Verður nú rakinn framburður ákærða og vætti vitna fyrir dóminum.

Ákærði hefur neitað sök en neitaði því hins vegar ekki fyrir dóminum að fótur hans hefði farið í lögreglumanninn umrætt sinn en það hefði ekki verið af ásetningi heldur óviljaverk.

Við aðalmeðferð málsins lýsti ákærði málsatvikum þannig að einhver órói hefði orðið inni á veitingastaðnum Players og hefðu dyraverðir haft afskipti af honum án þess að hann vissi nákvæmlega hvers vegna það var. Ákærði kvaðst ekki hafa verið sáttur við aðfarir dyravarðanna og lent í átökum við þá. Lögreglumennirnir, sem komu á staðinn, hefðu viljað flytja hann heim en hann hefði talið sig fullfæran um að koma sér þangað sjálfur en hann hefði ekki verið með fast heimilisfang á þessum tíma þar sem hann var þá nýskilinn. Ákærði kvaðst hafa verið talsvert drukkin en taldi sig þó muna atburði kvöldsins sæmilega.

Ákærði kvað lögreglumennina hafa orðið eitthvað ósátta við framkomu hans og því ætlað að neyða hann inn í lögreglubifreiðina þegar hann neitaði að koma með þeim og reyndi að komast hjá því að fara inn í bifreiðina. Í framhaldi af þeim átökum

hefðu lögreglumennirnir hent ákærða á magann inn í lögreglubifreiðina og heft á honum fæturna og þá hefði fótur hans líklega lent í andliti lögreglumannsins enda hefði hann streist á móti og við það hreyft allan líkamann og þar með einnig fæturna. Ákærði kvaðst þó ekki muna sérstaklega eftir því þegar fótur hans lenti í lögreglumanninum og þá mundi hann ekki eftir því að hafa verið handtekinn og settur í handjárn.

Einu orðaskiptin sem ákærði kvaðst muna eftir voru þau að hann neitaði að gefa upp heimilisfang sitt og einnig hefði hann neitað að fara inn í lögreglubifreiðina. Hins vegar kvaðst hann ekki muna orðaskiptin orðrétt. Sérstaklega aðspurður kvaðst ákærði ekki muna eftir því að annar lögreglumaðurinn hefði sagt við hann að hann sparkaði ekki í lögregluna og kannaðist ekki við að hann hefði sagt víst gera það. Þótti ákærða með ólíkindum að hann hefði sagt þetta og benti á að í lögregluskýrslum kæmi fram að framburður hans hefði verið ruglingslegur og málfar hans afar óskýrt auk þess sem hann hefði átt að hafa sagt þetta liggjandi á maganum í átökum við lögreglumennina.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa velt því fyrir sér hvaða afleiðingar spörk hans aftur fyrir sig gætu haft enda hefði hann einungis verið að reyna að losa sig úr tökum lögreglu en hann hefði ekki ætlað að meiða nokkurn mann.

Vitnið, *Gunnar Halldór Sigurjónsson* lögreglumaður, kvað lögreglu hafa verið kallaða að Players umrætt sinn vegna þess að dyraverðir væru með mann í tökum. Þegar vitnið og félagi hans hefðu komið á vettvang hefði ákærði legið í jörðinni mjög ölvaður og æstur og hefði hann verið blóðugur í andliti, með blóðnasir og lítinn skurð yfir vinstri augabrún. Ákærði hefði hóttað dyravörðunum líkamsmeiðingum og manndrápi en þeir hefðu lýst því að ákærði hefði ráðist á þá án nokkurrar ástæðu. Vitnið og félagi hans hefðu reist ákærða við en þegar þeir hefðu spurt hann hvar hann ætti heima, hefði ákærði sagt að þeim kæmi það ekki við. Þegar að lögreglubifreiðinni var komið hefði ákærði ekki viljað setjast inn í Hyundai druslu en lögreglumennirnir útskýrt fyrir honum að þeir ætluðu einungis að koma honum til síns heima. Þrátt fyrir það vildi ákærði ekki upplýsa hvar hann ætti heima.

Í framhaldi af þessu hefðu vitnið og félagi hans útskýrt fyrir ákærða að annað hvort færi hann sjálfviljugur inn í lögreglubifreiðina eða að hann yrði færður þangað með valdi. Við þetta hefði ákærði æst sig enn meira og rífið í hönd vitnisins og kreist hana og því hefði þeir þurft að taka ákærða í lögreglutök og færa í handjárn. Enn hefði ákærði neitað að fara inn í lögreglubifreiðina og þeir hefðu því þurft að beita valdi til þess að koma honum þangað. Við þetta hefði ákærði streist mjög á móti og þegar hann hefði verið kominn á magann inn í lögreglubifreiðina hefðu fætur hans staðið út úr og hann sparkað mikið með fótunum aftur fyrir sig. Vitnið hefði því þurft að setja hann í fótólás sem felst í því að annar fóturinn er settur yfir hinn og

síðan lagt á svo viðkomandi geti ekki sparkað. Jafnframt kvaðst vitnið hafa sagt við ákærða að hann sparkaði ekki í lögregluna en ákærði svarað því til að hann sparkaði víst í lögregluna.

Vitnið lýsti því fyrir dóminum hvernig varðstjórinn, sem var með vitninu á vettvangi, hefði staðið hinum megin við lögreglubifreiðina þegar þeir hjálpuðust að við að reyna að koma ákærða fyrir inni í bifreiðinni. Ákærði hefði barist um allan tímann og þegar vitnið hefði misst tökin á fótum hans hefði ákærði hafið að sparka frá sér og þá hitt með vinstra fæti sínum í vinstri kjálka vitnisins með þeim afleiðingum að ein tönn í efri kjálka brotnaði og önnur í neðri kjálka auk þess sem tannfylling hefði farið úr honum. Yfir aðra tönnina hefði þurft að setja krónu en ekki hefði verið hægt að bjarga hinni og því hefði verið sett gervitönn í hennar stað. Kvaðst vitnið hafa fundið fyrir óþægindum vegna þessa. Upplýsti vitnið að hann ætti von á greiðslu miskabóta úr ríkissjóði vegna tjónsins og því væri ekki höfð uppi bótakrafa í málinu.

Vitnið, *Ríkarður Ríkarðsson* lögregluvarðstjóri, kom fyrir dóminn og lýsti málavöxtum á þann veg að lögregla hefði verið kölluð að veitingastaðnum Players umrætt sinn til að fjarlægja mann en þegar þeir hefðu komið á vettvang hefði ákærði verið úti á plani og hefði hann verið mjög ölvaður og æstur. Vitnið kvaðst hafa talað við ákærða og sagt honum að lögreglan myndi aka honum heim. Ákærði hefði virst vera tilbúinn til þess en þegar þeir voru komnir að lögreglubifreiðinni hefði ákærði sagt að inn í þessa Hyundai druslu færi hann ekki. Vitnið kvaðst þá hafa útskýrt fyrir ákærða að hann yrði að hlýða lögreglunni en ákærði streist á móti. Fólk hefði komið þarna að og því hefði vitnið tekið þá ákvörðun að færa ákærða inn í lögreglubifreiðina og koma honum í burtu.

Vitnið kvað ákærða hafa streist á móti lögreglumönnum en þeir Gunnar Halldór hefðu hjálpast að við að reyna að koma ákærða inn í bifreiðina og hefði vitnið farið hinum megin við bifreiðina farþegamegin til að toga hann betur inn. Gunnar Halldór hefði haldið um fætur ákærða en síðan misst tökin. Vitnið kvaðst ekki hafa séð þegar ákærði sparkaði í Gunnar Halldór en hann hefði hins vegar heyrt þegar Gunnar Halldór sagði við ákærða að hann sparkaði ekki í lögreglumenn og ákærði sagði á móti að hann sparkaði víst.

*Niðurstaða.*

Ákærði hefur neitað sök en fyrir dóminum neitaði hann því hins vegar ekki að fótur hans hefði umrætt sinn farið í Gunnar Halldór lögreglumann. Ákærði hefur fullyrt að það hafi verið óviljaverk.

Fyrir liggur og er óumdeilt að lögregla var kölluð að veitingastaðnum Players umrætt sinn til þess að fjarlægja ákærða og ber ákærða og vitnum saman um að ákærði hafi verið talsvert drukkinn þetta kvöld. Þá er óumdeilt að ákærði hlýddi ekki tilmælum lögreglu um að fara inn í lögreglubifreiðina og þá bera ákærði og vitni á sama veg um það fyrir dómnum að ákærði hafi streist á móti þegar lögreglumennirnir reyndu að færa hann inn í bifreiðina.

Bæði vitnin, Gunnar Halldór lögreglumaður og Ríkarður varðstjóri, hafa borið á sama veg hér fyrir dómnum um orðaskipti ákærða og Gunnars Halldórs á þann veg að Gunnar Halldór hafi sagt við ákærða að hann sparkaði ekki í lögreglumenn en ákærði svarað því til að hann gerði það víst. Ákærði kvaðst fyrir dómnum ekki muna orðaskipti sín og lögreglumannanna orðrétt en fannst ólíklegt að hann hefði sagt þetta. Með framanrituðu vætti vitnanna þykir sannað að ákærði hafi tekið svo til orða sem vitnin lýsa en sú niðurstaða fær einnig stoð í því sem er komið fram um að ákærði hafi verið æstur umrætt sinn sem og með hliðsjón af framburði ákærða um að hann muni ekki umrædd orðaskipti orðrétt.

Þegar litið er til vættis lögreglumannanna fyrir dómnum verður að telja sannað að ákærði hafi streist mjög á móti og sparkað frá sér þegar hann var færður inn í lögreglubifreiðina en sú lýsing þeirra fær stoð í framburði ákærða sjálfs um að hann hafi streist á móti og við það hreyft allan líkamann og einnig fæturna. Ekkert bendir til þess að ákærði hafi, þar sem hann lá á maganum inni í bifreiðinni, haft beinan ásetning til að sparka í Gunnar Halldór en þegar litið er til áðurnefndra orðaskipta þeirra og þess að ákærði vissi að Gunnar Halldór var staðsettur nálægt honum við að reyna að færa hann inn í lögreglubifreiðina, verður að líta svo á að ákærða hafi hlotið að vera ljóst að spark hans gæti farið í lögreglumanninn og valdið honum skaða. Verður því að líta svo á að þessi háttsemi ákærða hafi verið unnin af ásetningi þótt um lægra ásetningsstig sé að ræða. Með því hefur ákærði gerst sekur um að hafa ráðist að lögreglumanni við skyldustörf eins og honum er gefið að sök í ákæru og er brot ákærða þar rétt heimfært til refsíákvæða. Verður ákærði því sakfelldur eins og krafist er.

#### *Refsing og sakarkostnaður.*

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað og verður litið til þess við ákvörðun refsingar hans. Þá verður einnig litið til ásetningsstigsins. Hins vegar verður einnig að taka mið af því að talsvert tjón hlaut af broti ákærða. Að öllu framanrituðu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Þegar litið er til þess að ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur við refsilög þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í tvö ár frá birtingu dómsins að telja og skal hún falla niður að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða ber að greiða allan sakarkostnað málsins 6.380 krónur.

Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð

Ákærði, Friðrik Ragnar Eggertsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 6.380 krónur í sakarkostnað.

Arnfríður Einarsdóttir